## FYRIR




GILDANDI AÐALSKIPULAG,
STAÐFEST 6. APRÍL 2018
Mkv. 1:10.000

## EFTIR




Mkv. 1:10.000

- ÞÉTTBÝLI
- ÍB — ÍBÚÐARBYGGÐ
- VÞ — VERSLUN OG ÞJÓNUSTA
- M — MIÐSVÆÐI
- S — SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA
- OP — OPIN SVÆÐI
- STOFNSTÍGAR
- TENGISTÍGAR
- ÚTIVISTARSTÍGAR
- REIÐLEIÐIR
- MISLÆG GATNAMÓT
- UNDIRGÖNG GANGANDI VEGFARENDUR
- UNDIRGÖNG GANGANDI/ÖKUTÆKI
- MÖRK BREYTINGAR

GARÐABÆR



Loftmynd af svæðinu 1:10.000




Hluti af Aðaluppdrætti Garðabæjar 2016-2030

# GREINARGERÐ

Inngangur

Í samræmi við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda í Garðabæ, sem kynnt verður samhliða þessari breytingartillögu, er gert ráð fyrir breytingu samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016 - 2030. Meginviðfangsefni breytinganna er að skipuleggja varanlegan stað fyrir Alþjóðaskólann í góðum tengslum við Sjálandsskóla vegna náins samstarfs kennara skólanna.

Breyting á landnotkun er innan þróunarsvæðis A - Lyngássvæði, Miðbær, Hafnarfjarðaravegur, skv. aðalskipulagi.

Breytingin tekur til þriggja eftirtalinna svæða:

Svæði 2.10 Íb undir kafla 3.3.4 Innbær, svæði 2 og 3.

Svæði 2.03 S undir kafla 3.6 Samfélagsþjónusta.

Svæði 2.09 Op undir kafla 3.15 Opin svæði.

| Merking | Stærð fyrir | Stærð eftir | Heiti svæðis | Lýsing/ staða/ núv. Notkun | Skipulagssvæði |
|---|---|---|---|---|---|
| 2.03 S | 3,4 | 4,0 | Sjálandsskóli og Alþjóðaskólinn | Grunnskólar, íbúðarhús | Grunnskólar. Gert er ráð fyrir að íbúðarhús standi áfram skv. deiliskipulagi |
| 2.09 Op | 1,7 | 1,2 | Hraunsholtslækur | Opið svæði meðfram Hraunsholtslæk neðan Reykjanesbrautar. Deiliskipulag í gildi. | Mikilvægt garðsvæði meðfram Hraunsholtslæk, nýtt til útivistar þar sem heimilt er að setja upp leiktæki, bekki o.s.frv. Tengist þróunarsvæði 2.07 og 2.08. |
| 2.10 Íb | 7,1 | 7,0 | Grundir | Fullbyggt íbúðarhverfi. Deiliskipulag í gildi. | Sérbýlishús. Hluti svæðis er þróunarsvæði tengt 3.07 og 3.08. Deiliskipulag gæti komið til endurskoðunar til samræmis við þróunarsvæðið. |

Tafla yfir svæði sem breytast

Breytingin gengur út á að hluta landnotkunar innan breytingareitsins er breytt úr *opnu svæði* og *íbúðarbyggð* í *samfélagsþjónustu,* þannig að svæði S.03 S stækkar til suðurs meðfram læknum yfir Vífilsstaðaveginn. Lega stofnstígs er lítillega færð til.

Lagt er til að á stækkun 2.03 S verði gerð lóð fyrir skólastofnun. Er þessari breytingu ætlað að gefa svigrúm til að staðsetja Alþjóðaskólann í góðum tengslum við Sjálandsskóla í gegnum undirgöng á Vífilsstaðavegi. Breytingin verður þannig til að viðhalda og efla samstarf skólanna auk þess að auka á nýtingu alls svæðissins sem leik- og útivistarsvæðis.

Þessi breyting sem fellst í að breyta grænu svæði þar sem heimilt er að gera leiktæki og þess háttar að skólalóð, hefur lítil áhrif, þar sem skólalóðin verður opin almenningi og nýting hennar fellur vel að markmiðum um fjölbreytt opið svæði. Bygging skólahúsnæðis næst innakstri í hverfið frá hringtorgi á Vífilsstaðavegi mun lítil áhrif hafa á íbúa hverfisins.

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br..

Breytingin var samþykkt í skipulagsnefnd Garðabæjar

Þ. ______________________

og bæjarstjórn Garðabæjar

Þ. ______________________

______________________

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

Þ. ______________________

______________________

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda

Þ. ______________________

Breytingar eftir auglýsingu

| ÚTG. | BREYTING | DAGS. | TEIKN. | YFIRF. |
|---|---|---|---|---|

| 1726 – | – | 01 | – |
|---|---|---|---|
| VERKNÚMER | SFB NÚMER | NÚMER | ÚTGÁFA |

GARÐABÆR
VERKKAUPI

**Breyting á Aðalskipulagi**
VERKTEGUND

GRUNDIR
HEIMILISFANG

**AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR**
Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030

MÆLIKVARÐI: 1:10.000
BLAÐSTÆRÐ: A3
ÚTGÁFUDAGS: 14.03.2019

STOFNDAGS: 12.07.2017
TEIKNARI: SE
YFIRFARIÐ: SE

**BATTERÍIÐ** | ARKITEKTAR
SIGURÐUR EINARSSON, ARKITEKT
Hvaleyrarbraut 32 | 220 Hafnarfirði | S: 5454700 | batteri@arkitekt.is | www.arkitekt.is

© BATTERÍIÐ | ARKITEKTAR
ÖLL AFNOT EÐA AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA

TÖLVUSKRÁ: V:\Verk\2017\1725-Lyngassvaedi-Deiliskipulag_ L6\MODEL\1725-aðalskipulag.dwg